

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti Rótarýklúbbsins Reykjavík -Breiðholt

Ávarp á 30 ára afmæli klúbbsins

Rótarýfundur nr. 20 á starfsárinu og nr. 1388 frá upphafi er settur.

Kæru Rótarýfélagar, fyrrv. Rótarýfélagar og makar.

Við fögnum í kvöld 30 ára afmæli Rótarýklúbbsins Reykjavík – Breiðholt, sem stofnaður var 12. desember 1983. Ég var stofnfélagi, aðeins 37 ára gamall, og hafði litla hugmynd um hvað framundan væri í starfi Rótarýklúbbs. Stofnfélagar voru 29. Í dag eru enn 13 félagar í klúbbum sem voru stofnfélagar.

Árin liðu, félagsskapurinn var góður og líka mjög skemmtilegur. Ég kynntist frábæru fólki, margir urðu góðir vinir mínir. Nýir félagar komu, aðrir fóru, hættu eða eru látnir. Stundum fékk ég þá tilfinningu að ég ætti að hætta, þetta væri of krefjandi, mæta fjórum sinnum mánaðarlega að júlí undanskildum, já og svo kostar þetta ákveðinn pening. Þurfti að hugsa út í það, var að byggja húsnæði, með ung börn, 7, 9 og 13 ára.

Ég hætti ekki.

Síðar, þegar ég var störfum hlaðinn eða ofhlaðinn og ég gat ekki mætt með eðlilegum hætti á okkar fundi á þeim tíma, sem þeir voru boðaðir, tók ég til bragðs að mæta annarsstaðar og mætti á mjög marga fundi hjá öðrum klúbbum, sem var bæði fróðlegt og ánægjulegt, til að bæta mætinguna hjá mér. Þetta gerði ég til að ná minni mætingu upp í 60 %, sem þá var skyldumæting. Það tókst oftast en ekki alltaf.

Það var það góða fólk í klúbbum, vinir mínir og félagar, mörg afar fróðleg erindi á klúbbfundum og góður félagsandi almennt, sem gerðu það að verkum, að ég hætti ekki.

Ég hélt áfram.

Og nú hef ég verið í klúbbum í 30 ár og þakka fyrir það að ég sé hér ennþá.

Niðurstaða mín er þessi: Það skiptir máli að mæta á fundi.

Það að mæta á fundi, er grundvöllur þess að skilningur okkar á hlutverki Rótarý vex, einnig aukin kynni við aðra Rótarýfélaga, sem skapa féлага- eða

vináttutengsl og síðast en ekki síst höfum við á þessum sameiginlega vettvangi tækifæri til að láta gott af okkur leiða.

Við kynnumst einnig margskonar samfélagslegri starfsemi með heimsóknum til fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka og í okkar vor- og haustferðum fáum við tækifæri til að kynnast betur náttúru landsins og margskonar starfsemi í nálægum byggðalögum.

Rótarýsamfélagið er menningar-, fræðslu- og samfélagsstyðjandi. Vinir og félagar hittast á Rótarýfundum, fróðlegum og áhugaverðum fundum, ræða málin og kynnast nýjum viðhorfum.

Þegar Rótarý var stofnað árið 1905 í Chicago af Paul P. Harris voru félagarnir ekki margir. Í dag er heildarfjöldi Rótarýfélaga 1.2 milljónir í 34.000 Rótarýklúbbum í rúmlega 200 löndum. Á Íslandi eru um 1.200 félagar í 30 klúbbum um allt land.

Rótarýhreyfingin er alþjóðleg friðar- og mannúðarhreyfing. Markmið Rótarý er að efla og örva þjónustuhugsjónina, styrkja og þróa kynni og vináttu í þeim tilgangi að sinna samfélagslegum verkefnum í þágu nærumhverfis okkar og alþjóðasamfélagsins og styrkja sum þeirra fjárhagslega.

Ekki einungis það, því ekki minni áherslu leggur Rótarýhreyfingin á að efla alþjóðlegan skilning, velvild og frið, með alheims félagsskap fólks í öllum starfsgreinum, sem sameinast í þjónustuhugsjóninni.

Okkar klúbbur, eins og aðrir klúbbar um allan heim, leitast við að framfylgja þessum grundvallaráherslum í starfsemi Rótarý, og móta starf sitt í þessum anda.

Við skulum nú standa upp og skála fyrir okkar klúbbi, Rótarýklúbbum Reykjavík-Breiðholt, sem nú fagnar 30 ára afmæli sínu.

Kæru hátíðargestir,

Það er í anda þeirra gilda sem ég hef áður lýst og fyrir þau góðu störf í þágu okkar klúbbs, sem eftirtaldir fjórir félagar okkar hafa verið útnefndir Paul Harris félagar fyrir þeirra farsælu og góðu störf í þágu klúbbsins fyrr og síðar. Áður hafa 32 félagar okkar fengið Paul Harris útnefningu, þar af eru 23 í klúbbum í dag.

Þeir félagar okkar sem stjórn klúbbsins ákvað að útnefna Paul Harris félagar eru: Ingvar Pálsson, Sigríður K. Ingvarsdóttir, Sigurður Bjarnason og Valgeir Ástráðsson. Sigríður er nú erlendis í embættiserindum og getur því ekki verið

með okkur í dag. Hún biður fyrir góðar kveðjur og þakklæti fyrir þessa viðurkenningu.

Markús Örn Antonsson, einn af stofnendum klúbbsins og forseti nr. 2, sem áður hefur hlotið Paul Harris útnefningu, fær nú Paul Harris safir útnefningu fyrir frábær störf í þágu klúbbsins í samfellt 30 ár.

Vil ég biðja þá sem hljóta þessa útnefningu að koma hingað til mín.

Við öll óskum þeim félögum okkar sem nú hafa fengið Paul Harris útnefningu innilega til hamingju.

Áður en ég slít formlegum fundi vil ég þakka hátíðarnefndinni, undir forystu Sigurlaugar H. Svavarsdóttur, ásamt þeim Hrafni Pálssyni, Sigurði Þorkelssyni og Viðari Ólafssyni fyrir afar góð störf við undirbúning þessa afmælisfundar.

Ég slít nú formlegum fundi okkar.

Við Rótarýfélagar stöndum upp og förum með fjórprófið:

Er það satt og rétt
Er það drengilegt
Eykur það velvild og vinarhug
Er það öllum til góðs..

Formlegum fundi er slitið og nú tekur við 30 ára afmælishátíð Rótarýklúbbsins Reykjavík-Breiðholt.

Ég afhendi afmælisfundinn í hendur okkar ágæta félaga og skáksnillings, Jóns L. Árnasonar, sem verður veislustjóri okkar í kvöld.